

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Sveitarfélaginu Árborg.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulagsbreyting – Dvergasteinar.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkti 22. apríl 2026 breytingu á deiliskipulagi fyrir götuna Dvergasteina á Stokkseyri. Gert er ráð fyrir heimild raðhúss á lóð Dvergasteina 1 og 3 þar sem áður var gert ráð fyrir einbýlishúsum. Samhliða er gert ráð fyrir að gatan verði að botnlanga. Ekki eru gerðar breytingar á byggingarskilmálum annarra lóða innan deiliskipulags.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Selfossi, 11. ágúst 2026.

F.h. bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Árborgar,
Vígfús Þór Hróbjartsson skipulagsfulltrúi.

B deild - Útgáfudagur: 26. ágúst 2026